

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Seltjarnarness nr. 313 11. október 1974.

a-liður 4. gr. orðist þannig:

a. Fastagjald, kr. 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b-liður 4. gr. orðist þannig:

b. Vatnsgjald, kr. 1200.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. sept. 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 329.

25. ágúst 1976.

REGLUGERÐ

um breytingar á fjallskilareglugerð V-Húnavatnssýslu nr. 392/1975.

1. gr.

Breyting á 16. gr. Í stað orðsins „eftirleit“ í annari málsgrein komi: aðra leit.

2. gr.

Breyting á 42. gr. Greinin orðist svo: Þegar fyrirskipuðum göngum á afrétt er lokið á haustin og hreppsnefndir hafa ákveðið að gera ekki fleiri leitir á kostnað fjallskilasjóðs, þá geta þær veitt mönnum heimild til eftirleitar á afréttum.

Fyrir kind sem finnst í eftirleit skal greiða fundarlaun. Skulu þau vera jafnhá í krónum talið og verð á meðaldilk. Fyrir hross skulu fundarlaun nema einum og hálfum fundarlaunum fyrir kind. Borgun til eftirleitarmanna greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi upprekstrarfélags.

3. gr.

Fjallskilareglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969 til þess að óðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. ágúst 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.